

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 31
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. júlí 2025

Efni: Athugasemdir Landsvirkjunar í tilefni af dómi Hæstaréttar 9. júlí 2025 í máli nr. 11/2025 – Kærumál nr. 126-129 og 132-144/2024.

Vísað er til erindis úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 10. júlí sl. til leyfisveitenda og leyfishafa virkjunarleyfis og framkvæmdaleyfa vegna Hvammsvirkjunar. Í erindinu er vísað til nýfallins dóms Hæstaréttar 9. júlí 2025 í máli nr. 11/2025 þar sem staðfest var niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur 15. janúar 2025 í máli nr. E-2457/2024 um að ógilda heimild Umhverfisstofnunar til breytingar á vatnshloti Þjórsár vegna framkvæmda við Hvammsvirkjun, dags. 9. apríl 2024, og að ógilda virkjunarleyfi Orkustofnunar dags. 12. september 2024 fyrir virkjunin. Jafnframt var tilkynnt um að frestun kærumála nr. 126-129 og 132-144/2024 væri aflétt.

Leyfisveitanda og leyfishafa var gefinn frestur til að koma á framfæri athugasemdum af þessu tilefni til 15. júlí sl. en sá frestur var síðar framlengdur til 18. júlí. Eftirfarandi eru athugasemdir Landsvirkjunar.

Landsvirkjun hefur nú sótt um virkjunarleyfi til bráðabirgða til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir Hvammsvirkjun á grundvelli 4. gr. a. raforkulaga nr. 65/2023, sbr. 1. gr. laga nr. 42/2025 um breytingu á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála. Umsókn Landsvirkjunar er dags. 11. júlí 2025 ([fskj. 1](#)). Samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni má búast við að umsóknin verði afgreidd eigi síðar en um miðjan ágúst 2025 ([fskj. 2](#)). Að sama skapi hefur Umhverfis- og orkustofnun tekið að nýju til meðferðar fyrri umsókn Landsvirkjunar um virkjunarleyfi, dags. 8. júní 2021, og umsókn Landsvirkjunar um heimild til breytingar á vatnshlotinu Þjórsá, dags. 16. janúar 2023 ([fskj. 3](#)). Mun stofnunin leggja til grundvallar málsmeðferðinni þá breytingu sem gerð var á lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála í júní 2025, sbr. 5. gr. fyrrnefndra laga nr. 42/2025.

Ljóst er af niðurstöðu fyrrnefnds dóms Hæstaréttar að virkjunarleyfi Orkustofnunar fyrir Hvammsvirkjun frá 12. september 2024 er nú fallið úr gildi. Jafnframt er fallin úr gildi heimild Umhverfisstofnunar frá 9. apríl 2024 til breytingar á vatnshlotinu Þjórsá. Af forsendum dóms Hæstaréttar verður ráðið að niðurstaða dómsins byggist á því að mistök hafi orðið við setningu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála að því er varðar innleiðingu a-liðar 1. mgr. 18. gr. laganna. Fyrirnefnd heimild Umhverfisstofnunar sótti lagastoð í það ákvæði. Taldi dómurinn að skýra bæri orðalag ákvæðisins með þeim hætti að heimild Umhverfisstofnunar gæti ekki náð til framkvæmda á borð við vatnsaflsvirkjanir enda styddist sú skýring við lögskýringargögn. Niðurstaða Hæstaréttar um ógildingu fyrrgreindra ákvarðana byggði því eingöngu á sjónarmiðum um túlkun fyrrnefnds ákvæðis laga nr. 36/2011. Að öðru leyti voru engar

athugasemdir gerðar af hálfu dómsins við leyfisveitingarferli Orkustofnunar við útgáfu virkjunarleyfisins eða málsmeðferð Umhverfisstofnunar við veitingu heimildar til breytingar á vatnshloti Þjórsár.

Hin kærðu framkvæmdaleyfi ofangreindra mála taka til ýmissa framkvæmda. Þar á meðal eru framkvæmdir við byggingu vatnsaflsvirkjunarinnar Hvammsvirkjunar í farvegi Þjórsár. Umrædd framkvæmdaleyfi taka þó einnig til annarra undirbúningsframkvæmda sem ekki hafa nein áhrif á farveg árinna eða vatnshlot hennar. Forsendur Hæstaréttar að baki niðurstöðu dómsins um ógildingu á fyrrgreindu virkjunarleyfi og heimild til breytingar á vatnshloti eiga því ekki við þann hluta hinna kærðu leyfa sem ekki snertir farveg og vatnshlot Þjórsár.

Með vísan til framangreinds telur Landsvirkjun að úrskurðarnefndin verði að gæta varfærni við mat á því hvort tilefni sé til þess að úrræðum á borð við ógildingu hinna kærðu leyfa. Vísast þar m.a. til meðalhöfsreglu 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 en í henni felst að stjórnvöld skuli ekki fara strangar í sakirnar en nauðsyn ber til. Að mati Landsvirkjunar er mikilvægt í þessu sambandi að úrskurðarnefndin heimfæri forsendur fyrrnefnds dóms Hæstaréttar yfir á hin kærðu leyfi að því marki sem forsendur dómsins varða þær leyfisframkvæmdir sem snerta farveg og vatnshlot Þjórsár. Hin kærðu leyfi geti því vel staðið óhögguguð um aðrar undirbúningsframkvæmdir sem leyfin taka til og varða með engum hætti farveg og vatnshlot Þjórsár. Með þessu yrði gætt að þeim gríðarlega ríku hagsmunum Landsvirkjunar að undirbúningsframkvæmdir geti haldið áfram en samhliða verði tryggt að framkvæmdir hafi engin áhrif á farveg og vatnshlot Þjórsár.

Vinna við umræddar undirbúningsframkvæmdir er hafin, verksamningar vegna efnisvinnslu hafa verið gerðir við verktaka í kjölfar útboðs og á verkstað vinna nú tugir starfsmanna með um 30 stórvirkum vinnuvélum. Í þessu sambandi upplýsist að efnisgröftur fer nú fram í fyrirhuguðum frárennisskurði og er um þriðjungi þeirrar vinnu lokið, sjá fjólublátt svæði á meðfylgjandi yfirlitsupprætti (fskj. 4). Þá hefur nokkurt rask átt sér stað á fyrirhuguðu athafnasvæði verktaka til efnisvinnslu og haugsetningar, sbr. appelsínugult svæði á yfirlitsupprættinum. Auk þess fer fram vinna við að keyra fyllingarefni og gera fláa vegna vegalagningar og hafa vinnuvegir jafnframt verið lagðir, s.s. sunnan við fyrrnefndan frárennisskurð. Grænu svæði á yfirlitsupprættinum hefur ekki verið raskað. Yfirstandandi framkvæmdir eru því fjarri farvegi Þjórsár. **Landsvirkjun ítrekar að fyrirtækið mun ekki hefja neinar framkvæmdir sem snerta farveg og vatnshlot Þjórsár fyrr en að fengnu virkjunarleyfi.**

Ógildingu hinna kærðu leyfa í heild sinni, sér í lagi þess framkvæmdaleyfis sem gefið var út af hálfu Rangárþings ytra, myndi fela í sér algera röskun á forsendum fyrrnefndra verksamninga fram á haustið. Þá er viðbúið að verktakar myndu flytja vinnuvélar sínar til annarra verka á meðan töfum stendur sem hefði í för með sér umtalsvert álag á umferð á svæðinu. Auk þessa kann að fara svo að verktakar láti reyni á bótarétt sinn gagnvart Landsvirkjun vegna þess viðbótarkostnaðar sem þeir yrðu fyrir af völdum tafa í verkinu. Sem fyrr segir er þess að vænta að Umhverfis- og orkustofnun ljúki afgreiðslu á umsókn Landsvirkjunar um virkjunarleyfi til bráðabirgða um miðjan ágúst 2025.

Í ljósi þeirra tröllvöxnu hagsmuna sem hér eru undir þá setur Landsvirkjun fram þá kröfu að úrskurðarnefndin fari á vettvang og skoði umfang og stöðu framkvæmda. Í þeirri vettvangsferð getur nefndin séð af eigin raun að engar framkvæmdar eiga sér stað í vatnshlotinu Þjórsá og svo verður ekki meðan ekki nýtur við virkjunarleyfis.

Um vettvangsferðir vísast til 4. máls. 5. mgr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þar sem segir að nefndin kynni sér aðstæður á vettvangi þegar þörf er á til að mál teljist nægjanlega upplýst. Það væri ennfremur í samræmi við rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1991, sér í lagi í ljósi hinna miklu undirliggjandi hagsmuna af kærumálum þessum. Landsvirkjun er jafnframt reiðubúin að afhenda úrskurðarnefndinni frekari gögn um stöðu framkvæmda á svæðinu, þ.m.t. ljósmyndir úr dróna, verði þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Ítrekað er unnið er að því hörðum höndum að afla varanlegs virkjunarleyfis fyrir Hvammsvirkjun. Fyrir liggur skýr vilji löggjafans um að virkjunin verði að veruleika. Vísast til meðal annars til þess að hinn 1. júlí 2015 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar nr. 16/144 um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða nr. 13/141. Með henni var Hvammsvirkjun færð úr biðflokki í orkunýtingarflokk rammaáætlunar. Jafnframt hefur virkjuninni verið skipað í orkunýtingarflokk samkvæmt gildandi þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða nr. 24/152 sem Alþingi samþykkti 15. júní 2022. Þá er nýlega búið að gera breytingar á lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 í því skyni að hægt sé að veita undanþágu til breytinga á vatnshloti í þágu vatnsaflsvirkjana.

Að öðru leyti vísar Landsvirkjun til fyrri athugasemda sinna til úrskurðarnefndarinnar. Landsvirkjun áskilur sér rétt til að koma á framfæri við nefndina frekari sjónarmiðum og gögnum ef tilefni gefst til við meðferð málsins.

Virðingarfyllt,
f.h. Landsvirkjunar

Guðjón Ármannsson hrl.

Hjálagt:

1. Umsókn Landsvirkjunar um virkjunarleyfi til bráðabirgða fyrir Hvammsvirkjun, dags. 11. júlí 2025.
2. Bréf Umhverfis- og orkustofnunar til Landsvirkjunar, dags. 16. júlí 2025.
3. Bréf Umhverfis- og orkustofnunar til Landsvirkjunar, dags. 16. júlí 2025.
4. Yfirlitsuppdráttur yfir undirbúningsframkvæmdir Landsvirkjunar, dags. 11. júlí 2025.